

*Vinsamlegast
láttu vita ef
eitthvað kemur í ljós
varðandi heilsufar þitt
sem gæti gert fyrri
blóðgjafir þínar ónothæfar
fyrir sjúkling.*

Smitvarnir og blóðgjöf

upplýsingar til blóðgjafa



BLÓÐBANKINN

www.blodbankinn.is

Hafa ber í huga

Hver blóðeining er rannsökuð með tilliti til lifrabólguveiru B og C ásamt alnæmisveiru.

Ekki er öruggt að merki um smit finnist þó að blóðgjafi sé sýktur. Þess vegna þurfa heilsufarsspurningar að vera mjög ítarlegar.

Ef merki um smit kemur í ljós er haft samband við blóðgjafann, hann tekinn af skrá og blóðinu fargað.

Gefðu ekki blóð í þeim tilgangi að fá rannsókn á hugsanlegu lifrabólgu- eða HIV-smiti.

Þeir teljast til áhættuhóps sem vegna hegðunar sinnar, athafna eða kynlífs er hætt við að fá alvarlega smitsjúkdóma sem geta borist með blóði.

Þú getur hætt við blóðgjöf þvenær sem er án þess að gefa skýringu

Ekki gefa blóð ef:

1. Þú hefur fengið vefjaígræðslu úr dýri eða heilavef úr mönnum.
2. Þú hefur heyrt um Creutzfeldt- Jakob eða aðra smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í ætt þinni.
3. Þú hefur smitast eða gætir hafa smitast af lifrabólgu- eða alnæmisveiru.
4. Þú hefur einhvern tímann sprautað þig í æð eða vöðva með fíkniefnum, vefaukandi sterum, hormónum eða öðrum lyfjum án fyrirmæla læknis, jafnvel aðeins einu sinni.
5. Þú ert karlmaður og hefur haft samfarir við sama kyn.
6. Þú hefur stundað vændi.

Ekki gefa blóð ef rekkjunauttur þinn fellur undir lið 3 - 6

Fresta þarf blóðgjöf í minnst 6 mánuði ef þú hefur:

- Fengið skartgripagötun.
- Verið í speglun með sveigjanlegum tækjum.
- Verið í nálastungumeðferð hjá öðrum en lækni, hjúkrunarfræðingi, ljósmóður eða sjúkrapjálfa.
- Fengið húðflúr eða aðra stungu í húð (t.d. rafháreyðing, förðun).
- Fengið blóð eða vefjaígræðslu frá mönnum.
- Stungið þig á notaðri nál (stunguslys) eða fengið á þig líkamsvessa frá einstaklingi sem telst til áhættuhóps.
- Deilt heimili með einstaklingi sem er smitaður af lifrabólguveiru.
- Orðið fyrir nauðgun.
- Tekið fíkniefni í nös.
- Haft mök við einstakling sem stundar vændi eða á annan hátt telst til áhættuhópa.